

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2010 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-30/2010.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Beiðnina verður að skilja svo að hann krefjist þess að fá greiddar skaða- og miskabætur úr hendi Y og Z. Kæruefnið virðist m.a. tengjast því að álitsbeiðandi telji sig eiga inni ofgreidda húsaleigu hjá Y og Z sem nemi kr. 170.000 og sýnist hann einnig krefjast greiðslu þeirrar fjárhæðar.

### II

#### Niðurstaða kærunefndarinnar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningsefni aðila eins og því er lýst í álitsbeiðni, hvort heldur um bótakröfu eða endurgreiðslukröfu er að ræða, fellur ekki undir framangreind lög og þar með hefur kærunefndin ekki heimild til þess að gefa álit sitt á því. Ber henni þar af leiðandi að vísa álitsbeiðninni frá, sbr. ákvæði í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Kærunefndin telur rétt að benda á að kærunefnd húsaleigumála sker úr ágreiningsefnum er varða gerð og/eða framkvæmd húsaleigusamninga, sbr. ákvæði 85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir